



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/1068
komudagur 17.2.2012

Velferðarnefnd Alþingis
vt. Álfheiður Ingadóttir

Efni: Umsögn um þingskjal 361 – 307.mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu.(sameining vistunarmatsnefnda).

Almennar athugasemdir

Landssamband eldri borgara telur að sameining þessara matsnefnda sé til bóta, og gerir ekki athugasemdir við það, en hefur nokkrar athugasemdir um orðnotkun, bæði í frumvarpsgreinunum og athugasemdum með frumvarpinu. Þá er einnig lögð til ný málsgrein í 1. gr. frumvarpsins.

Landssamband eldri borgara leggur til að hugtökum og orðum í frumvarpinu verði breytt í samræmi við tillögu þar um sem samþykkt var á Landsfundi LEB í maí 2011. Og var svo hljóðandi: “Landsfundur LEB beinir þeim tilmælum til velferðarráðherra að við endurskoðun á lögum og reglugerðum sem fjalla um málefni eldri borgara verði eftirfarandi hugtökum breytt í samræmi við nútíma hugmyndafræði: Ellilífeyrisþegi verði eftirlaunafólk, dagvist verði dagdvöl, vistmaður verði íbúi eða heimilismaður og vistunarmat verði færni- og heilsumat.” Breytingarnar sem við leggjum til eru settar inn í lagafrumvarpið með rauðu lettri. Fyrir utan orðalagsbreytingar leggjum við til viðbótartsetningu í 1. grein frumvarpsins, sem einnig er afmörkuð með rauðu lettri svohljóðandi: **Aðstoð ættingja skal metin jafnt og önnur félagsleg úrræði.** Samsvarandi breyting kæmi í athugasemdir með greininni. Breytt hugmynda- og aðferðafræði kallar á breytta málnotkun og tungutak alveg frá lögum og reglugerðum til almenns talaðs máls. Æskilegt væri að breyta öllum lagabálinum um málefni aldraðra nr. 125/1999 í samræmi við þessar tillögur. Einnig lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Viðbótarmálsgrein sem við leggjum til við 1. gr. er vegna þess að það er vitað að oft hafa aðstandendur lagt fram mikla og marvíslega aðstoð fyrir þann sem er að sækja um flutning á dvalar-eða hjúkrunarheimili. Og við teljum að sú aðstoð eigi að vera metin til jafns við önnur félagsleg úrræði sem veitt hafa verið af hálfu opinberra aðila og teljast félagsleg úrræði sem hafi verið fullreynd. Færni-og heilsumatsnefndin (vistunarmatsnefndin) hefur að okkar mati verið of ósveigjanleg í því hvað telst fullreynt í aðstoð við umsækjandann og þar ekki verið tekið nægilega tillit til þess sem aðstandendur hafa lagt af mörkum.

Breytingartillaga við 1.grein

Við leggjum til breytingar á orðalagi 1.gr og eru breytingarnar settar inn í frumvarpið með rauðu lettri eins og áður segir. Þá leggjum við til nýja málsgrein á eftir fyrstu málsgrein frumvarpsins svohljóðandi: **Aðstoð ættingja skal metin jafnt og önnur félagsleg úrræði.** Og er það sett inn í 1.grein frumvarpsins með rauðu lettri til skýringar.



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835
Símar: +3545677111/ +3548599711
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Breytingartillaga við 2. grein.

Þar eru lagðar til orðalagsbreytingar í samræmi við breytta hugmyndafræði og orðanotkun og eru beytingarnar settar inn í frumvarpið með rauðu lettri.

Athugasemdir með 1. Grein:

Nauðsynlegt er að taka það skýrt fram í lögnum að aðstoð ættingja eða aðstandenda við þann sem færni-og heilsumatsnefndin er að meta hvort þurfi á hjúkrunar-eða dvalarrými að halda sé metin jafnt og önnur félagsleg úrræði af hálfu opinberra aðila. Á þessu hefur verið misbrestur sem þarf að leiðrétta. Jafnframt eru lagðar til breytingar á orðalagi og hugtökum sem vísað er til í almennum athugasemdum.

Athugasemdir með 2. Grein.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi og hugtökum sem vísað er til í almennum athugasemdum. Það er löngu tímabært að hætta þeirri orðnotkun að fólk sé vistað á öldrunarheimilum. Nota skal orðin að dvelja eða að fólk flytji um þá sem flytjast á hjúkrunar-eða dvalarheimili.

Meðfylgjandi er sem fylgiskjal frumvarpið með þeim breytingum sem við leggjum til Landssamband eldri borgara óskar eftir að koma á fund velferðarnefndar og gera grein fyrir þessum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 14. febrúar 2012.

f.h. Landssambands eldri borgara

f.h. þjónustunefndar eldri borgara.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
formaður LEB

Ragnheiður Stephensen.
formaður þjónustunefndar LEB